

Alþingi
Erindi nr. P 131/400
komudagur 3. 12. 2004

Félag vinnuvélaeigenda
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 184. mál.

Félag vinnuvélaeigenda vill mjög gjarna gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 184. mál.

Félagið hefur margt við frumvarpið að athuga.


Nú þegar hefur verið bundið í lög hvernig staðið skuli að nýjum námavinnslu-svæðum og það er ágætt. Nú er hinsvegar reynt að setja sömu lög og kvaðir taka til náma eða framkvæmda sem þegar eru hafnar. Afturvirkni af þessum toga orkar mjög tvímælis að mati félagsins. Það þætti ugglaut ekki góð latína að krefjast framkvæmdaleyfa og umhverfismats framkvæmda sem hafnar voru fyrir gildistöku laganna. Það þykir eðlilegt að nýframkvæmdir í vegagerð gangist bæði undir framkvæmdaleyfi og umhverfismat eftir atvikum en það hvarflar ekki að neinum að setja alla núverandi vegi og umferðarmannvirki í umhverfismat og þaðan af síður að krefjast þess að framkvæmdaleyfi séu lögð fram. – Sömu rök gilda um námur og rekstur þeirra. Veitt voru leyfi til efnistöku eldri náma í samræmi við lög sem þá giltu og er eðlilegt og rétt að þeir sem þá vinnu stunda fái að reka þær enda með tilskilin leyfi.

Rétt er að vekja athygli á fjárhagslegri afleiðingu frumvarpsins en alls munu um 100 eldri námur falla undir gildissvið frumvarpsins. Áætlað hefur verið að umhverfismat kosti 3 til 5 milljónir fyrir hverja námu. Kostnaður nemur því allt að hálfum milljarði króna. Þessum atvinnuvegi þykir hart að sér vegið og kallar eftir jafnræði atvinnuveganna.

Bættur frágangur eldri náma og námasvæða er líklega markmið höfunda frumvarpsins. Því markmiði er mun auðveldara að ná með kröfu um deiluskipulag námasvæða. Þá geta sveitafélög tryggt frágang og umgengi svæðanna enda það verkefni í þeirra verkahring.

Ef löggjafinn fellst ekki á þessi sjónarmið þeirra sem við efnisvinnslu starfa, þá er að minnsta kosti íhugunarefni að stækka lágmarksviðmið úr 25.000 fm í 50.000 fm þannig að bændur og búalið geti stækkað hús sín án þess að þurfa að leggja í vinnu og kostnað við skýrslu um umhverfismat.

Félag vinnuvélaeigenda


Árni Jóhannsson